

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingu á deiliskipulagi:

Breyting á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta – Holtsvegur 27.

Tillagan gerir ráð fyrir óverulegri breytingu á deiliskipulagi Urriðaholts, vesturhluta, sem gerir ráð fyrir að byggingarreitur breyti um lögun og færist til vesturs vegna jarðsprungu sem er til staðar austarlega á lóðinni. Íbúðafjöldi og hámarkshæð eru óbreytt. Innan byggingarreits niðurgrafinna jarðhæða verður heimilt að byggja fylgirými íbúða svo sem stigahús, tæknirými, sorpgeymslur og geymslur. 7 stæði verða í bílgeymslu, 3 stæði í innbyggðri bílgeymslu og 4 stæði í bílgeymslu á lóð. Öppnum stæðum er fjölgað úr 5 í 9. Byggingarmagn minnkar úr 1.877m² í 1.332 m² eða um 495 m².

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur fengið meðferð sem óveruleg breyting í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Garðabæ, 6. ágúst 2014.

Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2014